

## LÖG HJÁLPARSVEITAR SKÁTA GARÐABÆ

### 1. Kafli

#### 1. gr.

Sveitin heitir Hjálparveit skáta í Garðabæ, skammstafað H.S.G. Sveitin hefur með sér samstarf við skátafélagið Vífil í Garðabæ.

#### 2. gr.

Heimili sveitarinnar og varnarþing er í Garðabæ

#### 3. gr.

Tilgangur sveitarinnar er: Að stunda almenna björgunar-, leitar- og hjálparstarfsemi, þegar verðmæti eða mannlíf eru í hættu, að halda uppi námskeiðum og æfingum fyrir félagi sína, svo þeir verði jafnan færir um að rækja markmið sveitarinnar og að afla þess búnaðar sem nauðsynlegur er til starfsins.

#### 4. gr.

Merki sveitarinnar er hringur og inn í honum jafnarma kross ásamt nafni sveitarinnar. Merkið er grænt á appelsínugulum fleti.

### 2. Kafli.

#### 5. gr.

Félagar geta þeir einir orðið sem uppfylla þessi skilyrði:

- a) Eru fullra 18 ára.
- b) Hafa starfað með sveitinni í 18 mánuði.
- c) Uppfylla skilyrði samkvæmt reglugerð um nýliðabjálfun.

Undanþágur frá inngöngu:

Stjórn sveitarinnar er heimilt að veita einstaklingum undanþágu til inngöngu í sveitina án þess að fara í gegnum nýliðatímabil. Þessari undanþágu skal aðeins beitt ef sá hinn sami hefur yfir að ráða einhverri sérþekkingu sem nýst getur sveitinni. Þessir einstaklingar skulu fá grunnkennslu í skyndihjálpar og ferðamennsku sé þess þörf.

Varamenn:

Varamenn teljast ekki fullgildir félagar. Ef félagi hefur starfað í sveitinni í 5 ár eða lengur en er hættur í almennu starfi sveitarinnar gerist hann varamaður.

Varamaður hefur kjörgengi og atkvæðisrétt á sveitar- og aðalfundum. Til þess að verða fullgildur á nýjan leik þurfa þeir að starfa með sveitinni í eitt misseri og hljóta samþykki stjórnar. Varamenn eru á útkallsskrá.

Aukafélagar:

Þeir einstaklingar sem detta út úr almennum flokki en hafa ekki rétt á að gerast varamenn gerast sjálfkrafa aukafélagar. Aukafélagar hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á sveitar- og aðalfundum. Til að gerast fullgildur félagi aftur þurfa þeir að starfa með sveitinni í hálf ár hið minnsta og hljóta samþykki stjórnar. Aukafélagar eru ekki á útkallsskrá.

6. gr.

Við inngöngu í sveitina skal hver félagi undirrita eiðstaf H.S.G.

7. gr.

Inntökubeiðnir og úrsagnir úr sveitinni skulu vera skriflegar og sendar sveitarstjórn. Við brottför úr sveitinni getur félagi ekki gert tilkall til sjóða eða eigna sveitarinnar.

8. gr.

Félagi getur sætt brottrekstri úr sveitinni fyrir þessar sakir:

- a) Ef hann verður uppvís að því að spilla álitum sveitarinnar eða vekja tortryggni hjá félögum hennar.
- b) Ef hann hefur neytt áfengis eða annarra deyfilyfja í starfi sveitarinnar.
- c) Ef hann verður uppvís að óviðunandi umgengni um eigur og tæki sveitarinnar.
- d) Ef hann sýnir sveitinni ítrekuð vanskil.

Nú ályktar stjórn að félagi sé brottrækur úr sveitinni. Skal hún tilkynna það skriflega. Sætti hlutaðeigandi sig ekki við úrskurð stjórnar getur hann skotið máli sínu til næsta sveitarfundar.

### 3. Kafli

9. gr.

Sveitinni skal skipt niður í flokka. Reglugerð um flokkaskiptingu skal samþykkja á aðalfundi eða sveitarfundum.

10. gr.

Aðalfundur er æðsta vald í félagsmálum og tekur þær ákvarðanir um starfsemi sveitarinnar sem þörf er á. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir félagar

einir sem eru skuldlausir við sveitina. Aðalfundur skal haldinn í febrúar ár hvert. Þó má fresta aðalfundi að tillögu stjórnar telji meirihluti sveitarfundar þörf á. Aldrei skal þó aðalfundur haldinn síðar en aðra helgi í mars. Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Undirritun eiðstafs H.S.G.
2. Skýrsla stjórnar og reikningar.
3. Skýrslur nefnda.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar og fastanefnda.
6. Önnur mál.

Skýrsla stjórnar, reikningar, skýrslur nefnda og skýrslur flokka skulu vera fjölritaðar og liggja frammi á fundinum.

#### 11. gr.

Síðasti sveitarfundur fyrir aðalfund ákveður ársgjald.

#### 12. gr.

Sveitarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Þó getur sveitarstjórn boðað til fundar þegar henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til sveitarfundar ef  $\frac{1}{4}$  atkvæðisbærra félaga óskar þes skriflega og greinir fundarefni. Nú hefur stjórn sveitarinnar ekki boðað til fundar innan 14 daga eftir að henni barst krafan og geta þá hlutaðeigandi félagar sjálfir kvatt til fundar. Rétt til setu á fundum hafa þeir félagar sem greitt hafa ársgjöld viðkomandi árs.

#### 13. gr.

Fundir eru lögmætir ef minnst þriðjungur atkvæðisbærra félaga sækir þá. Verður fundur ekki lögmætur sökum þess að nógu margir hafa sótt hann skal boða til nýs fundar innan viku og er fundur lögmætur þeim sem mæta. Til allra funda skal boða skriflega eða með auglýsingu með minnst þriggja daga fyrirvara. Úrslitum mála á fundum ræður einfaldur meirihluti, nema um breytingar sbr. 20. grein. Fundargerðir skulu ritaðar í fundarbók og staðfestar með undirskrift ritara.

#### 14. gr.

Stjórn sveitarinnar skal skipuð 5 mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og einum meðstjórnanda.

Skulu þeir kosnir á aðalfundi og einnig 2 menn til vara.

Fastanefndir sveitarinnar skulu vera: Birgðanefnd, skemmtinefnd, flugeldanefnd, uppstillingarnefnd, útkallsnefnd og laganefnd. Nefndir skulu starfa samkvæmt reglugerð sem aðalfundur eða félagsfundur setur.

Stjórnar- og nefndarmenn skulu kosnir skriflega ef fleiri eru í kjöri samkvæmt tilnefningu en á að kjósa. Kjörtími stjórnar er 1 ár. Endurkjósa má stjórn svo oft sem menn vilja. Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagi sveitarinnar. Allir félagar eru réttkjörnir í stjórn sem við kosningu fá fullan helming atkvæða.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundur er lögmætur ef minnst 3 stjórnarmenn eru mættir og aðrir stjórnarmenn hafa boðað forföll. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn ræður atkvæði formanns. Fundargerðir stjórnarfunda skulu skráðar á tölvutæku formi og birtar á vefsíðu sveitarinnar, sé slíkt mögulegt, eða látnar liggja frammi í félagsaðstöðu sveitarinnar eigi síðar en einni viku eftir stjórnarfund.

Stjórnin boðar til sveitarfundar og undirbýr málefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Stjórnin leggur fyrir aðalfund til úrskurðar fyrir sveitina reikninga næsta árs á undan sem hún sér um að endurskoða í tæka tíð, enda fylgja tillögur skoðunarmanna og athugasemdir séu einhverjar.

Stjórnin hefur eftirlit með öllum framkvæmdum sveitarinnar og hefur á hendi sér um greiðslu á gjöldum sveitarinnar. Stjórnin gætir í einu og öllu hagsmuna sveitarinnar og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum hennar ef þörf krefur.

#### 15. gr.

Allir þeir samningar sem stjórn gerir fyrir hönd sveitarinnar samkvæmt samþykktum þessum eða fundarályktunum í sveitinni eru bindandi fyrir sveitina. Stjórnendur 3 saman skuldbinda sveitina. Stjórnin ber ábyrgð gjörða sinna fyrir aðalfundi.

#### 16. gr.

Hver aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn og einn til vara. Skulu þeir vera félagar sveitarinnar. Kjörtími þeirra er eitt ár. Sveitarstjórn er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun ásamt hinum kjörnu skoðunarmönnum. Skoðunarmenn skulu sannprófa að reikningar sveitarinnar beri saman við bækur hennar. Reikningsár sveitarinnar er frá 1. febrúar til 31. janúar ár hvert.

#### 17. gr.

Sjóði sveitarinnar skal ávaxta í banka með ríkisábyrgð. Ef starfssemi H.S.G. leggst niður skulu eignir og tæki sveitarinnar vera í vörslu skátafélagsins Vífils eða að öðrum kosti bæjarstjórnar Garðabæjar, fyrstu 10 mánuðina. Ef engar tilraunir hafa verið gerðar til að endurvekja sveitina að þeim tíma liðnum skal lúta lögum L.H.S.

#### 4. Kafli Ýmis ákvæði.

##### 18. gr.

Sveitin er aðili að Landssambandi hjálparsveita skáta, L.H.S. og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og lýtur lögum og samþykktum þess eftir því sem við á. Sveitin skal jafnan kappkosta að hafa samstarf við yfirvöld, stjórn Almanna- og aðra björgunaraðila í landinu og sýna tillitsemi og drengskap í starfi sínu.

##### 19. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og hljóti breytingartillögur minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þegar leggja á fyrir fund tillögur um breytingar á lögum skal þess jafnan getið í fundarboði eða auglýst á áberandi stað í húsnæði sveitarinnar. Breytingartillögur þær sem ekki koma fram fyrir en á fundinum, þurfa 4/5 hluta greiddra atkvæða til þess að öðlast gildi.

##### 20. gr.

Reglugerðum sveitarinnar verður ekki breytt né nýjar settar nema með 1/2 greiddra atkvæða á aðalfundi eða með 4/5 hlutum atkvæða á sveitarfundi.

#### **REGLUGERÐ UM FASTANEFNDIR HJÁLPARSVEITAR SKÁTA GARÐABÆ OG STARFSSVIÐ ÞEIRRA**

##### Birgðanefnd:

Þrír menn, skulu þeir starfa á jafnréttisgrundvelli.

Starfssvið: Að hafa yfirumsjón með útbúnaði sveitarinnar og gera áætlanir um fjárhagsþörf til endurnýjar og aukningu hans.

##### Uppstillinganefnd:

Þrír menn, þar af einn nefndarformaður.

Starfssvið: Að sjá til þess að aldrei skorti framboð í embætti á vegum sveitarinnar.

##### Skemmtinefnd:

Tveir menn, skulu þeir starfa á jafnréttisgrundvelli.

Starfssvið: Að annast undirbúning og framkvæmd árshátíðar og annarra skemmtana sem sveitin ákveður að halda.

Flugeldanefnd:

Þrír menn, og er gjaldkeri sveitarinnar nefndarformaður.

Starfssvið: Að annast undirbúning og skipulagningu flugeldasölu, auk þess að sjá um innkaup flugelda.

Útkallsnefnd:

Þrír menn þar af einn skipaður af stjórn.

Starfssvið: að hafa umsjón með útkallshópum sveitarinnar.

Laganefnd:

Þrír menn og er ritari sveitarinnar nefndarformaður.

Starfssvið: Að yfirfara lög sveitarinnar árlega og leggja fram tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum sveitarinnar telji hún þörf á. Skal hún skila tillögum sínum nógu tímanlega til að auglýsing um þær geti verið send með aðalfundarboði.

## REGLUGERÐ FYRIR FLOKKAKERFI HSG

Almennt gildir:

Allir félagar sveitarinnar skulu skráðir í einn flokk eingöngu. Félagi getur þó starfað með fleiri flokkum með samþykki viðkomandi flokksforingja. Félagar í stjórnskipuðum flokkum geta starfað í fleiri flokkum ef þeir vilja.

Sérreglur flokka:

Nýliðar I:

Inntaka nýliða fer fram í september ár hvert. Nýliðar skulu verða 17 ára á því ári sem þeir hefja starf í nýliðaflokk. Stjórn skal skipa umsjónarmenn með nýliðum (nýliðaforingja). Starfstími er í það minnsta eitt ár. Nýliðar teljast ekki fullgildir félagar í HSG. Grunnnámskeið í rötun og ferðamennsku, skyndihjálp, leitartækni, fjarskiptum, fjallamennsku, klettaklifri, ísklifri og björgun úr snjóflóðum skulu haldin á hverju ári fyrir nýliða I. Takist nýliða ekki að ljúka þessum námskeiðum meðan hann er í nýliðum I getur hann átt þess kost að klára þau í nýliðum II með samþykki nýliðaforingja og stjórnar. Nýliðar I sjá um þrif á húsnæði sveitarinnar einu sinni í mánuði meðan á þjálfun stendur.

Nýliðar II:

Til að fá inngöngu í nýliða II þarf félagi að vera búinn með nýliðaár með fullnægjandi árangri, hjá H.S.G. eða öðrum Landsbjargarsveitum.

Lágmarksstarfstími er hálf ár. Þegar félagi hefur lokið grunnnámskeiðum, fullnægir kröfum H.S.G. um útbúnað fullgildra félaga sveitarinnar og sýnt fram á fullnægjandi getu til þess að takast á við verkefni sveitarinnar, að mati nýliðaforingja og stjórnar, býðst honum að skrifa undir eiðstaf sveitarinnar og verða þá fullgildur félagi í H.S.G..

Fullgildum félögum er ekki leyfilegt að vera í flokknum.

Nýliðaþjálfarar:

Tveir fullgildir félagar sveitarinnar skulu skipaðir af stjórn og starfa á jafnréttisgrundvelli.

Starfssvið: Að hafa yfirumsjón með nýliðaþjálfun sveitarinnar og skila skýrslu um frammistöðu þeirra til stjórnar.

Almennur flokkur:

Til að fá inngöngu í almennan flokk þarf félagi að vera orðinn fullgildur félagi í H.S.G.. Hámarksstarfstími innan þessa flokks er 2 ár. Félagi getur þó sótt um framlengingu til stjórnar. Almennur flokkur er undir umsjá stjórnar. Við undirritun eiðstafs sveitarinnar fara nýliðar sjálfkrafa í almenning ef þeir hafa ekki þegar komið sér í flokka.

Almennir flokkar:

Félagar í almennum flokkum skulu vera orðnir fullgildir félagar í H.S.G.

Í hverjum flokki mega ekki vera fleiri en 12 einstaklingar

Til að stofna nýjan flokk þarf í það minnsta 6 fullgilda félaga. Þá þarf hópurinn að leggja fram skýrt og afmarkað markmið sitt til samþykktar af stjórn. Hægt er að fá undanþágu frá lágmarks flokkastærð ef markmið flokksins höfðar til þröngs hóps einstaklinga.

Hver flokkur þarf að hafa einn flokksforingja valinn af flokknum og einn aðstoðarforingja. Flokksforingi getur með samþykki flokks síns vísað einstaklingi úr flokknum hafi sá hinn sami ekki starfað sem skyldi og þannig rýmt fyrir nýjum flokksmeðlim.

Til inngöngu í almennan flokk verða félagar að standast inntökuskilyrði flokksins.

Inntökuskilyrði hvers flokks eru sett af flokknum sjálfum og skulu vera samþykkt af stjórn.

Stjórn lætur búnað sveitarinnar í umsjá þess flokks sem henni finnst hæfastur til að sjá um hann.

Stjórnskipaðir flokkar:

Stjórn skal sjá um að skipa formenn bílaflokks, sleðaflokks, bátaflokks og nýliðaflokks. Formenn flokkanna skulu síðan sjá um að manna sína flokka með þeim einstaklingum sem þeir vilja starfa með en þó þurfa þeir einstaklingar sem eiga að sjá um akstur á bílum, sleðum eða bát sveitarinnar að fá samþykki stjórnar. Stjórn skal sjá um að flokkar og nefndir starfi með eðlilegum hætti og getur skipað nýjan formann telji hún þörf á.